

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	1.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Seyðisfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Dröfn Svanbjörnsdóttir
<b>Heimili</b>	Strandarvegi 1 - 11	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	733858,42 539323,093

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Drög að úrbótaáætlun vegna tveggja frávika sem fram komu í eftirlitsferð þann 26. september 2017 lágu fyrir og var unnið samkvæmt þeim.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins, Gunnari Sverrissyni verksmiðjustjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Tvö frávik komu fram í síðustu eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar eftirlitsheimsóknar þann 21. september 2017. Ryk í útblæstri mældist yfir starfsleyfismörkum og lofthraði útblásturslofts var lægri en þær kröfur sem fram koma í starfsleyfi. Úrbótaáætlun verksmiðjunnar gerði ráð fyrir að úrbótum sem miða að því að auka útblásturshraða skorsteins yrði lokið fyrir árslok 2018. Þann 14. nóvember sl. barst tilkynning frá verksmiðjustjóra þess efnis að framkvæmdum við skorstein væri lokið og að harði útblásturslofts væri yfir 20m/sek. samkvæmt útreikningi verkfræðistofu. Verksmiðjan hefur fengið frest til 1. júlí 2019 til þess að skila inn nýjum mælingum á ryki í útblæstri. Í umsókn verksmiðjunnar um frest varðandi rykmælingar kom fram að óraunhæft er að gera ráð fyrir að ryk í útblæstri mælist undir starfsleyfismörkum fyrr en verksmiðjan hefur fengið aðgang að olíu með lægra brennisteinsinnihaldi en nú er sem verður væntanlega á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Fram kom að það sem af er ári hafði verksmiðjan unnið úr u.þ.b. 46.000 tonnum af hráefni. Sem fyrr er starfsemin nær eingöngu bundin við vinnslu á kolmunna. Verksmiðjan var gangsett þann 15. mars sl. og vinnslu lauk fyrstu dagana í júní.

Lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma rúmar 60% af rýmd stærsta geymis. Til staðar er flotgirðing í samræmi við ákvæði í grein 2.21. Flotgirðingin er aðgengileg og hún var notuð sl. sumar þegar olíuóhapp varð við Seyðisfjarðarhöfn. Rekstraraðila ber að skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að notkun flotgirðingar hafi verið æfð.

Fram kom að verksmiðjan vinnur að verkslagsreglu varðandi þrýstiprófun á lögnum og þykktarmælingu á lýsistönkum, en með gildistöku nýrrar reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er gerð krafa um hvort tveggja.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2017 hefur verið skilað. TVN er mælt og skráð reglulega og eru niðurstöður sendar eftirlitsaðila reglulega. Magn mengandi efna í frárennsli var mælt á kolmunnavertíð í apríl, skýrslu með niðurstöðum var skilað 7. maí sl.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

### ÁBENDINGAR

Vakin er athygli á því að staðfestingu á því að notkun flotgirðingar sé æfð skal senda til Umhverfisstofnunar á a.m.k. 5 ára fresti í samræmi við grein 2.21.

Minnt er á að úrbótaáætlun verksmiðjunnar sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 15. nóvember sl. er háð þeim skilyrðum að:

- Rekstraraðili tilkynni Umhverfisstofnun þegar skipt hefur verið um olíu auk upplýsinga um þá olíu sem notuð verður í staðinn.
- Rekstraraðili tilkynni Umhverfisstofnun hvenær verksmiðjan verður gangsett að nýju, áður en næsta vertíð hefst.

14.12.2018

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir